

T-vegamót

með hjárein

Reynsla og samanburður á umferðaröryggi

Um verkefnið

Þekkt er að allt að 40% af slysum með meiðslum gerast á gatna- og vegamótum. Það er því mikilvægt að rannsaka þau frekar og skilja orsök þeirra. Það hefur jákvæð áhrif á umferðarflæði að annaðhvort stefnugreina T-vegamót eða að setja hjárein á vegamót. Einnig liggur fyrir að stefnugreind T-vegamót eru bæði plássfrekari og dýrari framkvæmd en vegamót með hjárein.

Vegamót með hjárein eru tiltölulega nýleg lausn hérlendis en þó er komin nokkur reynsla á þau og tímabært að rannsaka notkun þeirra og hönnun og bera slysatíðni þeirra saman við slysatíðni stefnugreindra vegamóta.

Talsverð umræða hefur verið um að bifreiðum sé lagt í hjárein á vegamótum en óvíst hversu algengt það væri í raun. Sú hegðun er þó mjög líkleg til að geta haft neikvæð áhrif á umferðaröryggi og virkni hjáreina.

Tilgangur og markmið verkefnisins eru eftirfarandi:

- Rannsaka umferðarmagn, umferðarmerki og yfirborðsmerkingar á aðalvegi, auk slysatíðni á vegamótum með hjáreinum hérlendis.
- Bera íslenskar hönnunarleiðbeiningar saman við skandínavískar.
- Bera saman umferðaröryggi T-vegamóta með hjárein og stefnugreindra T-vegamóta og leitast við að svara hvort önnur tegundin sé öruggari en hin.
- Rannsaka hve algengt er að bifreiðum sé lagt í hjáreinum.

Rannsókuð var umferð, hönnun, umferðarmerki, yfirborðsmerkingar og slysatíðni 27 vegamóta með hjárein. Farið var í 148 vettvangsferðir milli Selfoss og Reykjavíkur en á þeirri leið eru 10 vegamót með hjárein. Í vettvangsferðum var skráð hvort bíl væri lagt í hjárein eða ekki. Til samanburðar var einnig umferð og slysatíðni 12 stefnugreindra vegamóta rannsókuð.

Niðurstöður

Úttekt leiddi í ljós að á rúmlega helming þeirra voru viðmið um heildarlengd hjáreinar uppfyllt. Jafnframt sýndi hún að umferðarmerkingar á aðalvegi á vegamótum með hjárein eru mismunandi.

Leiðbeinandi grunnmyndir um vegamót með hjárein og forsendur eru ólíkar milli landanna sem skoðuð voru. Heildarlengd hjáreinar og lengd vegkafla með ákveðna breidd hjáreinar eru fastar stærðir á Íslandi en í Danmörku, Svíþjóð og Noregi eru mismunandi breytur og aðferðir sem hafa áhrif á þær stærðir. Breidd hjáreina milli landa er einnig mismunandi, allt frá 2 metrum upp í 3,5 metra.

Niðurstöður þessar greiningar benda til þess að almennt verði alvarlegri slysi á stefnugreindum vegamótum og einnig að algengara sé að óhappa- og slysatíðni sé hærrí á stefnugreindum vegamótum heldur en vegamótum með hjárein.

Óhappa- og slysatíðni fyrir einstaka vegamót er þó hæst fyrir vegamót með hjárein en ýmislegt getur skekkt slíkan samanburð. Ekki er t.d. ólíklegt að stefnugreining gatnamóta sé algeng á gatnamótum þar sem aðstæður eru slæmar vegna hraðaksturs eða sjónlengda. Einnig getur verið að ökumenn fari varlegar á gatnamótum með hjárein og því verði hraðinn minni þegar óhapp á sér stað. Álykta má útfrá þessari rannsókn að vegamót með hjárein séu ekki hættulegri en stefnugreind gatnamót.

Í þeim 148 vettvangsferðum sem farnar voru framhjá 10 vegamótum með hjárein var samtals í 6 skipti bíl lagt í hjárein. Af því má álykta að það gerist sjaldan að bifreiðum sé lagt í hjáreinum en mögulegt er hinsvegar að það geti verið algengara að lagt sé í hjárein á vegum með minni ársdagsumferð en er á þeim vegkafla sem hér var til rannsóknar.

